

# Góð ráð til að aðstoða barnið þinn við lesturinn.

## lestrarþjálfarar = foreldrar

- Þjálfað lestur 5 daga vikunnar.
- Þjálfað lestur í 10 -15 mínútur upphátt (raddlestur).
- Tryggið nákvæman lestur; vísifingur eða blýantur.
- Gott lestrarlag: Sýnikennsla með bergmálslestri.
- Tryggið skilning á nýjum orðum.
- Ræðið efni texta.
- Val á lestrarbókum – áhugi er mikilvægur
- Skráning og eftirfylgni
- Hrós og jákvæð viðbrögð

### **Það tekur tíma að auka tiltrú þeirra og færni.**

Þyngdarstig bókarinnar skiptir ekki mestu máli heldur magnið sem lesið er. Leyfðu barninu að velja sjálfur þær bækur sem því langar til að lesa jafn vel þótt þér þyki þær of léttar. Verum frekar meðvituð um að láta þau ekki lesa of erfiðar bækur. Það styrkir sjálfstraust barnsins og gefur því kjark til að velja erfiðari bækur.

### **Leyfðu barninu að velja sjálf þá bók sem því langar að lesa.**

Hafðu ekki áhyggjur þótt það velji bækur sem fjalla um svipað efni. Vertu þess meðvituð/aður að það er að lesa sér til ánægju. Kennarinn sér um að skaffa bækur sem ætlaðar eru til lestrarþjálfunar.

### **Allir hafa gaman að góðum sögum, lestu því fyrir bækur fyrir það.**

Ef barnið hefur áhuga á sögunni en treystir sér ekki til að lesa hana skulu þið lesa hana saman. Það getur aukið ánægjuna.

### **Vertu góð fyrirmynd.**

Láttu barnið sjá þig lesa og skrifa. Þannig metur barnið þig og lesturinn meira.

### **Ögraðu barninu á ýmsan hátt.**

Lestur og ritun eru aðeins hluti af því að vekja áhuga á spennandi viðfangsefnum. Spilið saman skák, á borðspil, alls kyns þrautir. Leysið krossgátur, spilaðu á spil og leikið þið saman tölvuleiki. Virkur hugur er betur undirbúinn fyrir lestur. Búðu til tækifæri til ritunar, þarf t.d að skrifa innkaupalista? Það er fullkomið verkefni fyrir barn sem þarf að æfa lestur og ritun.

### **Vertu í sambandi við kennarann barnsins.**

Ræddu við kennarann um stöðu þess í lestri og skrift. Fáðu leiðbeiningar frá kennaranum með hvaða hætti þú getir haft áhrif á að barnið þinn bæti sig í lestri.

### **Láttu barnið lesa efni af ýmsu tagi.**

Það er hægt að lesa margt annað en bækur. Lesið t.d. leiðbeiningar um nýjan tölvuleik, uppskriftir eða dagblöð. Það er líka góð lestraræfing.

### Vertu vakandi yfir áhugamálum barnsins þíns.

Láttu áhuga þess á íþróttum og tónlist verða ástæðu til lestrar. Útvegaðu barninu bækur og blöð sem fjalla um efni sem því þykja spennandi og skemmtileg og það kemst fljótt að því að það sama á við um lestur.

**Vafrið á netinu.** Veraldarvefurinn er hlaðinn efni sem höfðar til barnsins. Nýttu áhugasvið þess til að vekja áhuga á lestri. Að skrifa tölvupóst til vina og vandamanna er góð æfing. Gættu fulls öryggis og að foreldravörn sé virk.

### Sýndu jákvæð viðbrögð daglega.

Klapp á bakið, jákvæð örvun og hvatning gera barnið þitt áhugasamari um lestur og skriftir. Sýndu ósvikinn áhuga þegar það hefur lokið lestrar og skriftarverkefnum, lesið nýja bók eða skrifað sögu og segðu barnið er hve stolt/ur þú ert af því.

### Hvernig er best að leiðrétta lestur barnsins?

